

Háskóli Íslands, hugvísindasvið, sagnfræði

Vormisseri 2014

Sag201G – Íslandssaga eftir 1815

Kennari: Ragnheiður Kristjánsdóttir

Farskólinn

Nemandi: Arnar Sverrisson (2904451-4859)

Inngangur

Í ritgerðarkorni þessu eru fjallað um farskólann á Íslandi. Þetta barn strjálbýlisins bar fleiri nöfn; „reykiskóli“, „umferðarskóli“, „umgangsskóli“, „umgangskennsla“, „umferðarkennsla“, og „sveitakennsla.“ Einnig er talað um „umgangskennendur.“ Farskólinn kom til sögunnar á nítjándu öldinni. Hann er eitt tilbrigði við það stef sem alþýðufræðslan er. Því mun sjónum verða sértaklega beint til þeirrar aldar, en um leið lítið um öxl til alþýðumenntunar fyrri alda, ef það mætti auka skilning á stofnun farskólanna.

Sagan farskólans spannar raunar um heila öld og er óhjákvæmilega samofin baráttu þjóðarinnar fyrir endurheimt sjálfstæðis síns, enda áttu áköfustu skoðanaskipti lærðra og leikra um alþýðufræðslu sér stað á síðari hluta aldarinnar. Ég mun í umfjöllun minni einbeita mér að þeirri samfélagsumræðu, sem átti sér stað á síðari hluta nítjándu aldar, enda er hún að mínum dómi í senn bæði fróðleg og bráðnauðsynleg til skilnings á hugsun um menntamál og tíðarandanum. Sumar þessara umræðugreina lýsa sjaldgæfri andagift og málsnilld. Það er afar mikilvægt að skynja anda þeirra. Þess vegna geri ég mér far um að miðla umræðunni orðrétt, þegar kostur er, svo málfarið megi njóta sín sem best.

Saga uppfærslu barna og unglunga á Íslandi í hnotskurn

Arnlfjótur Ólafsson skiptir árið 1875 skólasögunni í þrjá „tímakafla.“ Sá fyrsti nær frá upphafi Íslandsbyggðar og fram yfir 1200, þ.e. þjóðveldisskeiðið í sögu þjóðarinnar. Til þessa skeiðs lítur Arnlfjótur með uppljómun: „Það er hin fræga söguöld vor, saga hreysti og drengskapar, frelsis og framfara, saga friðar og hagsælda, saga lögvísinnar, skáldskaparins, sagnafræðinnar og annarra menta. Þá hófust og þá stóðu í blóma fræðiskólarnir í Haukadál, í Odda og á Þíngeyrum, í Skálaholti og á Hólum.“

Næsti tímakafla nær fram til siðaskipta. Hann einkennist af drottun kirkjunnar með margs konar fræðilegum og andlegum „hégómskap.“ Þriðja tímakafla lýkur með flutningi skólanna að Skálholti og Hólum til Reykjavíkur um aldamótin 1800, þar sem þeim er steipt saman í Lærða skólann í Reykjavík. (1)

Mönnum er svo kunnug bókmenntasaga vor, að þeir vita hvílíkr andlegr dauði grúfði yfir allri alþýðu manna, frá því er landsmenn gengu á hönd Norevgskonungum eðr Norvegsríki, og frá því er klerkavaldið lagði nálega alt andlegt líf í latínska fjötra trúarinnar og kirkjulegra hindrvitna. Siðaskiftin gjörðu hér á mjög litlar breytingar til hins betra. (2)

Hvað barnafræðslu viðkemur er fátt vitað með nokkurri vissu um þjóðveldisöld. Þó virðist einsýnt, að börn höfðingja hafi fengið tilsögn í lestri og skrift. Stundum voru þau – einkum piltar - fóstruð af menntamönnum. Þetta má skilja sem heimakennslu, undirbúning undir

(1) Arnlfjótur Ólafsson. Um skóla ..., bls. 66. - (2) Samarit, bls. 67.

menntun á ofangreindum menntasetrum eða æðri skólum í útlöndum. Heimakennsla var ríkjandi fyrirkomulag fræðslunnar um margar aldir. Eins og Arnljótur hefur bent á, lögðu kirkjufirvöld áherslu á innrætingu kristinnar. Líklega hefur slíkur áhugi vakið hugmyndir konungsvaldsins árið 1542 á stofnun barnaskóla á klaustrunum í Þykkvabæ, Kirkjubæ og Skriðuklaustri. (3) Þetta eru trúlega fyrstu hugmyndir um barnafræðslu á Íslandi.

Hinn himneski armur drottins eða öllu heldur umboðsmanna hans hérna niðri í tárdalnum, skyldi hafa betri hönd með í bagga. „Árið 1635 er gefin út tilskipun um húsvitjanir presta, og skyldu þeir jafnan kynna sér þekkingu fólksins í kristnum fræðum og leiðbeina foreldrum og vandamönnum barna, þar sem áfátt var um fræðsluna. Á 17. öldinni kemur fátt annað fram, er miðar að alþýðufræðslu.“ (4)

Á átjándu öldinni (1717) hreyfa biskuparnir, Jón Þorkelsson Vídalín og Steinn Jónsson, við hugmyndinni um stofnun barnaskóla og lofa hluta eigna sinna til hins góða málefnis. Fjórum árum síðar gera Ludvig Harboe og Jón Þorkelsson för sína til landsins og sýsla á næstu árum við úttekt á alþýðumenntun í landinu. Á grundvelli skýrslu þeirra koma fleiri tilskipanir frá konungsvaldinu; árin 1736 og 1744 um kristindómsfræðslu æskulýðsins og 1746 tilskipun um húsvitjanir presta. Þeim var skylt að hafa eftirlit með því, að börn lærðu á helga bók og tileinkuðu sér drottins orð. (5)

Menntunin var bundin á klafa kristinnar trúar. Á þessu méli voru nær allar ritmenntir í landinu trúarlegs eðlis og höfðu, allt frá tímum fyrstu prentsmiðjunnar, verið einokaðar af kirkjunni. Kirkjan lagði sig í líma við kristilega vitundarinnrætingu. Hinn rauði þráður hennar var hlýðni við Herrann á himnum og kirkju hans í jarðríkinu. Þar eð konungur þáði vald sitt frá Guði, hinum almáttka ási himnanna, var tengingin í huga fólks ærið stutt. Það fór varla fram hjá íslenskum almúga, sem naut kirkjulegrar fræðslu, hvernig valdið stóð í ból þeirra.

Smám saman fór að örla á áhuga hinna veraldlegu yfirvalda fyrir menntun alþýðu. Alþingi hafði loksins til þess dögungu að samþykkja árið 1879 lög um kennslu barna í skrift og reikningi. „Það var sem þing og stjórn vaknaði úr roti, er lögin voru sett um uppfærðslu barna í skrift og reikningi, sem út komu 9. janúar 1880.“ (6) En enn sem komið var voru „kennslubækur“ aðallega kristilegs eðlis. Árinu áður hóf landsjóður styrkveitingar til barnafræðslunnar, þar með talin farkennsla.

Mannlífið á Íslandi á nítjándu öldinni

Íslendingar höfðu um aldir þraukað styrjaldir, kólnandi veðurfar, sífellda ógnir ísavetra, elds og eimyrju, hungur, farsóttir, felli fólks og fénaðar – svo ekki sé talað um vistarbandið og ofríki íslenskrar höfðingjastéttar, sem kann að vera skelfilegast fár, sem alþýða manna bjó við fyrr og síðar - jafnvel að frátalinni einokunarversluninni. Upplýsingarfrömuðurinn, Eggert Ólafsson, var ómyrkur í máli um doða og dáðleysi Íslendinga. (7) Ef marka má orð hans og Gests Pálsson drjúgri öld síðar, var ástandið engan veginn glæsilegt. Glæsibragur þjóðveldisaldar virtist horfinn. Gestur Pálsson fær orðið: „Og yfir öllum þessum hugsunarlausu mannhóp liggur svo andleg hafísþoka, köld eins og dauðinn og dimm eins og

(3) Sama rit, bls. 70. - Einnig: Gunnar M. Magnús. Alþýðufræðsla..., bls. 24) – (4) Gunnar M. Magnús. Saga ..., bls. 26-27) – (5) Sama rit, bls. 36) – (6) Valdimar Ásmundarson. Alþýðumenntun, bls. 115. – (7) Ragnheiður Kristjánsdóttir. Rætur ..., bls. 171.)

nóttin, svo enginn sér neitt til nema bara að rata með matinn á munninn.“ (8) Jón Sigurðsson og fleiri ku hafa notað ámóta safarík orð til lýsinga á hinum íslenska tötralyð til sjávar og sveita. Enn um þær mundir, sem saga þessi á sér stað, hafa orðið miklar breytingar á íslensku mannlífi. Þorp og bæir hafa skotið styrkari rótum við sjávarsíðuna. Fólki, sem flosnað hefur upp í sveitunum, sækir á „mölina“ og reidur sig á ýmsa launavinnu. Börn og unglíngar, sem áður fyrri höfðu fundið sér starfsvettvang á sveitabýlinu, urðu nú til trafala meira eða minna. Á þessu árum var Reykjavík smáþorp og önnur þorp þó miklu minni. Íbúar hafa verið um hálf túsund. Bærinn var aðsetur danskra embættismanna, danskra kaupmanna og betri borgara, þeirra, er komist höfðu í nokkrar álnir eða höfðu fæðst með silfurskeið í munn.

Þessum góðborgurum rann til rifja eynd íslensks ungviðis. Það var aðgerðalaust og gerði ógagn, ólíkt borgarbörnum í Englandi og Wales á öldinni áður, sem var smalað í námurnar. Hér voru engar námur – og ei heldur enginn skóli. Því var gerð áætlun, sem á dönsku var kallað: „Plan til en gratis Skole paa Reikevig, for Island.“ Ármann Halldórsson, sálfræðingur og skólástjóri segir svo frá:

Hefst hún á því að lýsa þeirri hörmunarsjón, sem alls staðar blasi við landsmönnum og eigi sízt sunnan lands, þar sem klæðlítill og soltin börn og unglíngar reiki um hópum saman, jafn stúlkur sem drengir, og lifi á snöpum og sníkjum. Þessi ungmenni fari á mis við allt uppeldi, af þeim sökum verði þau ekki nægilega snemma fyrir hollum áhrifum. Reynslan sýni ótvírætt, að þessi börn vaxi upp sem öræfagróður í kunnáttuleysi um guðdóminn, laus við aga og umvöndun án þess að venjast við að vinna nýtileg störf, svo þau megi síðar afla sér viðurværis. Nú verði þau ekki einasta ógæfufólk alla ævi, heldur jafnframt landinu til mikilla þyngsla.(9)

Viðhorf til uppeldis og fræðslu á nítjándu öldinni

Á ofanverðri átjándu öldinni komust Finnur biskup Jónsson og Magnús amtmaður Gíslason svo að orði í reglugerð, að „ótti drottins [sé] upphaf allrar vizku, hamingju og blessunar.“ Og í þessum anda skyldi móta fyrirkomulag skóla og námsskrár. Gunnar M. Magnúss. Saga ..., bls. 43. Þessi námsspeki hafði trúlega lifað um aldir í íslenskri vitund og lifði enn góðu lífi öld síðar. Því einn þeirra, sem kveðjur sér hljóðs um skólamálin á nítjándu öldinni, Guðmundur prestur Einarsson, staðhæfir:

Eitt af því, sem er aðalundirstaða til heilla og velgeingis hvers eins manns sérílagi, og heilla þjóða að gjörvöllu, er góður vani á börnum. ... Undireins og barn þitt fer fyrst að fá vit, ríður þér á að innræta því hlýðni við þig. Hlýðnin er hin fyrsta skylda barnsins, og vilji foreldranna á að vera aðallögmál þess.“

„Að biðja drottinn, að lypta huganum í hæðirnar til síns himneska skapara og gæðskuríka föðurs, og ákalla hann með trúuðu hjarta, á að vera æðsta unun vor mannanna, og er ein hin helgasta skylda vor. (10)

En það voru einnig önnur viðhorf og andstæð, sbr. orð Jakobs Guðmundssonar hér að neðan. Svo er að sjá, að leiðist hönd í hönd dýrkun drottinsvalds – og konungsvalds raunar einnig – og íhaldssemi í menntamálum, þ.e. þeirri hugsun, að það sé einungis fátt eitt í skólafræðslu samtímans, sem búendur megi í askana láta, sbr. ræðu Benedikts Sveinssonar á Alþingi:

(8) Gestur Pálsson. Menntunarástandið ..., bls. 177. – (9) Ármann Halldórsson. Saga barnaskóla..., bls. 9. – (10) Guðmundur. Lítil leiðarvísir ..., bls. 33- 35.

„Það stoðar lítið bóndann og alþýðumanninn að vera bókfróður, ef hann getur ekki gjört sjer náttúruna undirgefna, ef hann getur ekki sett sig í það samband við náttúröflin, að hann geti fært sjer þau í nyt, þá sveltur hann, kona hans og börn; þá skortir hann það afl, sem gjör skal, og hann verður ónýtur meðlimur þjóðfélagsins, þrátt fyrir það, þó að hann hafi numið eitthvað í skólum.“ (11)

Sjálfstæðisbaráttan og alþýðufræðslan - baksvið

Draumórar kúgaðra Íslendinga um forfeður og formæður á þjóðveldisöld ásamt umælum nokkurra háttprúðra, útlendra gesta, er trúlega það, sem Gestur Pálsson kallar „þjóðtrú hér á landi, að alþýðan á Íslandi væri betur menntuð en nokkur önnur alþýða í heimi.“ (12) En þjóðtrú er skammgóður vermir. Staðreyndir blöstu við. Í skólamálum sátu Íslendingar um hálfri öld aftar á merinni en næstu grannar austan ála. Jón forseti Sigurðsson, fór ekki í grafgötur með þessa staðreynd og mikilvægi málaflökksins í sjálfstæðisbaráttunni. Hann hvetur mörlandann til dáða og mælir svo:

„Það eru einkum þrjú efni, sem oss Íslendingum standa á mestu að útkljáð verði bæði fljótt og vel: Það er alþingismálið, skólamálið og verzlunarmálið. Undir því hvernig þessi mál verða kljáð, hvernig þetta þrennt kemst á fót, er að miklu leiti komin framför vor, og að vísu það, hvað bráðgjör hún verður.“

Raunar tekur Jakob Guðmundsson töluvert dýpra í árinna – í gamalkunnu „upplýsingarkvæði“ – um nauðsyn menntunar og skilnings fyrir frelsun og sjálfssæðisbaráttu. Í svipaðan streng taka einnig Torfi Bjarnason, Stefán Stefánsson og Ögmundur Sigurðsson. (13)

Forkólfum sjálfstæðisbaráttunnar, hvor heldur sem er þeim, er vilja beita almúgafræðslu til vitundarvakningar og frelsis, eða þeim, sem vilja, að menntuninni sé þröngur stakkur skorinn, svo hún trufla ekki lífið til sveita - þar sem hinir sveitahöfðingjar hafa frá fornu fari haft tögl og haldir – er fullljóst baráttugildi menntunarinnar. Mér er ekki örgrannt um, að í fræðsluumræðunni endurspeglar einmitt þau átök afla íhalds og frjálslyndis, sem Guðmundur Hálfðánarson hefur bent á. (14)

Farskólinn sem uppfræðslutilbrigði

Farkennsla fór þannig fram, að íbúar byggðalaga sameinuðust um ráðningu kennara. Kennt var þar, sem henta þótti. Farskóli var fyrst og síðast skóli hinna efnaminni. „Farskólinn á Íslandi óx upphaflega upp af grasrótinni – sem úrræði efnalítils strjálbýlissamfélags til að efla barnafræðslu. Með fyrstu almenn lögnum sem sett voru um fræðsla barna 1907 hlaut þetta skólaform fyrst lögformlega stöðu, við hliðina á föstum skólum sem framan af voru bundnir við þéttbýli.“ (15)

Aðbúnaður barnanna var víða skelfilegur. „Í 7. tbl. skólablaðsins í fyrra var fundið að því, að kennslustofur farskólanna væru víða óvermdar, og heilsu barna væri því oft mjög misboðið með kulda. Það var brýnt fyrir fræðslunefndum að bæta úr þessu, og bent á, að það er bein skylda þeirra að lögum að sjá um að „herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, séu svo, að heilsu barnanna sé ekki hætta búin af skólaverunni.““ (16) Fram eftir nítjándu öldinni og langt fram á

(11) Jón Þórarinnsson. Um alþýðumenntun, bls. 87. – (12) Gestur Pálsson. Menntunarástendið..., bls. 165 – (13) Jón Sigurðsson. Um skóla ..., bls. 21. - Torfi Bjarnason. Um alþýðumenntun – Stefán Stefánsson. Það þarf... og Ögmundur Sigurðsson. Um skóla..- (14) Guðmundur Hálfðánarson. Íslenska þjóðríkið, bls. 76. (15) Loftur Guttormsson. Farskólahald ..., bls. 207 – (16) Kuldi og óþrifnaður, bls. 90.

Þá tuttugustu voru farskólarnir hið ráðandi tilbrigði við uppfræðslu barna og unglunga. (17) Í skýrslu Guðmundar Finnbogasonar, sem af Alþingi var ráðinn veturinn 1904-1905 til að skoða stöðu fræðslumála með þjóðinni, má lesa: „Fastir skólar voru taldir 49 með rúmlega 1900 nemendum, en farkennsla var á 780 stöðum með 4.260 nemendum.“ (18)

Niðurlag

Í umræðum um uppfræðslu ungviðisins var tekist á um sálir þess. Aðalfylkingarnar voru tvær; frjálslyndir sjálfstæðissinnar og íhaldssamir sjálfstæðissinnar. Hinir fyrrnefndu beittu fyrir sig hugmyndum, sem sóttar voru til upplýsingar og þjóðernisdraumhyggju. Þessum forkólfum varð tíðrætt um frelsið í þekkingarljósinu, um frelsun sjálfs sín úr viðjum innrætingar og almenningsálits, og um frelsun þjóðarinnar, hinnar íslensku þjóðar, sem nú skyldi endurborin. Stefnt var að endurreisn „hins glæsta“ mannlífs þjóðveldisaldar, þar sem hetjur riðu um héruð og var tamt „tungu að hræra“ og töluðu fram af munni sér gullaldarbókmenntir. Í þvísa samfélagi voru allir meira eða minna jafnrétt háir. En þessi draumsýn bliknaði í raunveruleika nítjándu aldar. Hugsjónin ein varð ekki í askanna látin. Hin fylkingin hafði það að stærstu keppikefli að hafa stjórn á óhjákvæmilegum breytingum, svo þær færu sem minnst í bága við þeirra hagsmuni.

Þjóðlífið einkenndist um margt af eymd, volæði og vesöld. Einkum hjartahlýir útlendingar reyndu að hlaupa undir bagga bæði í heilbrigðismálum og menntamálum. En allt kom fyrir ekki. Uppbygging fastra barnaskóla gekk silalega. Því var þorra íslenskra barna í heila öld vísað í það menntunarkot, sem farskólinn var. En því miður vitum við ekki, hvort kotungarnir stóðu hinum á sporði eða skutu þeim jafnvel ref fyrir rass.

Heimildir

Arnljótur Ólafsson. „Um skóla á Möðruvöllum.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1875)), bls. 57-76.

Ármann Halldórsson. *Saga barnaskóla í Reykjavík til 1930*. Þuríður Kristjánsdóttir bjó til útgáfu (Rvk.: KHÍ 2001).

Bogi Melsteð. „Um menningarskóla.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1988)), bls. 127-156.

Einar Ásmundsson. „Menntun alþýðunnar.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1871)), bls. 47-56.

Einar Hjörleifsson Kvaran. „Alþýðumenntun hér á land.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1901)), bls. 225-248.

Gestur Pálsson. „Menntunarástandið á Íslandi.“ Ritstjóri Bragi Jósefsson. *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1889)), bls. 165-180.

Guðmundur Einarsson. „Lítill leiðarvísir til að venja börn.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1847)), bls. 33-40.

Guðmundur Hálfðánarson. *Íslenska þjóðríkið*. (Rvk.: Hib. 2001).

Gunnar Karlsson. „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874.“ Ritstjórar Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason. *Saga Íslands IX*. (Rvk.: Hib. 2008), bls. 167-376.

Gunnar Karlsson. „Samfélag á hvörfum.“ Ritstjórar Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason *Saga Íslands X*. (Rvk.: Hib. 2009), bls.105-204.

Gunnar M. Magnúss. *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi*. (Reykjavík.: Samband íslenskra barnakennara 1939).

Helgi Skúli Kjartansson. „Skólakerfi í mótun 146-1965.“ *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*. Ritstjóri Loftur Guttormsson. (Rvk.: Háskólaútgáfan 2008), bls. 11-84.

Ingólfur Á. Jóhannesson. *Menntakerfi í mótun: Barna- og unglingsfræðslan á Íslandi 1908-1958*. 2. útg. (Rvk.: Höfundur er útgefandi 1984.)

Jakob Guðmundsson. „Nokkrar athugasemdir um alþýðumenntunarmálið.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1887)), bls. 93-115.

Jón Sigurðsson. „Um skóla á Íslandi.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk: KHÍ 1986 – (1842)), bls. 19-32.

Jón Þórarinnsson. „Um alþýðumenntun.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk: KHÍ 1986 – (1886)), bls. 83-92.

Loftur Guttormsson. „Farskólalald í sextíu ár (1890-1950).“ (*Uppeldi og menntun* 1.árg. (1992), bls. 207-222.)

Ragnheiður Kristjánsdóttir. „Rætur íslenskrar þjóðernisstefnu“. *Saga* (1996), bls. 171-172.

Skólablaðið „Kuldi og óprifnaður í kennslustofum farskólanna.“ 5. árg., 6. tbl., (1911), bls. 90-92 .

Stefán Stefánsson. „Það þarf að mennta alþýðu.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósepsson KHÍ (Rvk. 1986 – (1888)), bls. 157-164.

Torfi Bjarnason. „Um alþýðumenntun.“ Ritstjóri Bragi Jósepsson. *Þættir úr íslenskri skólasögu* (Rvk: 1986), bls. 77-82.

Valdimar Ásmundarson. „Alþýðumenntun.“ Ritstjóri Bragi Jósepsson. *Þættir úr íslenskri skólasögu* (Rvk: KHÍ 1986 – (1886-1887)), bls. 115-126.

Ögmundur Sigurðsson. „Um skóla á Suðurnesjum.“ Ritstjóri Bragi Jósepsson. *Þættir úr íslenskri skólasögu* (KHÍ 1986 – (1890)), bls. 205-214.